

Þriðjudaginn 27. september 1994.

Nr. 341/1994.

Ferðamálasjóður

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Vélsmiðju Hafnarfjarðar hf.

(Hlöðver Kjartansson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnlaugur Claessen og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. júlí 1994, er barst réttinum ásamt kærugögnum 4. ágúst sl. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Hann krefst þess aðallega, að frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík um úthlutun á söluverði fasteignarinnar Skólavörðustígs 45 í Reykjavík verði breytt á þá leið, að tekin verði til greina sú krafa sóknaraðila, að honum beri 38.474.711 krónur af söluverðinu. Til vara krefst hann þess, að frumvarpinu verði breytt á þá leið, að sóknaraðila verði úthlutað 36.155.300 krónum af téðu söluverði. Þá krefst hann þess, að varnaraðili greiði sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að sóknaraðila verði úthlutað 35.070.970 krónum af söluverði nefndrar fasteignar. Til vara krefst hann þess, að sóknaraðila verði eigi úthlutað á undan veðkröfu varnaraðila hærri fjárhæð en 35.108.318 krónum af söluverði fasteignarinnar. Þá krefst hann þess, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl. Meðal þeirra er bréf sýslumannsins í Reykjavík til lögmanns sóknaraðila, dagsett 7. júlí 1994, undirritað af Sólveigu Bachmann deildarstjóra. Þar segir:

„Það upplýsist hér með að sá niðurskurður sem sýslumaður framkvæmdi á þeirri kröfu sem þér lýstuð f. h. Ferðamálasjóðs í nauðungarsöluandvirði fasteignarinnar Skólavörðustígur 45, Reykjavík, var til kominn á eftirfarandi hátt:

Í kröfulýsingu yðar, dags. 12. 3. 1993, lýsið þér höfuðstól ásamt vöxtum og reiknið dráttarvexti á þá fjárhæð. Með yfirlýsingu, dags. 18. 3. 1993, tilkynnið þér að uppboðskaupandi hafi greitt vanskil og kostnað og að eftirstöðvar bréfsins hvíli áfram á eigninni. Þar sem eftirstöðvarnar hvíla áfram á eigninni þá reiknar sýslumaður kröfuna á þann hátt að henni sé komið í skil. Þetta leiðir til lægri dráttarvaxta þar sem þeir reiknast þá eingöngu af vanskilum en ekki þeim hluta kröfunnar sem ekki var í vanskilum.

Skv. nauðungarsölulögunum, 4. mgr. 50. gr., er svo fyrir mælt að hafi kröfu ekki verið lýst fyrr en eftir að uppboði var lokið, fái kröfuhafi ekki úthlutað af söluverðinu til greiðslu málskostnaðar eða annars innheimtukostnaðar. Innheimtulaun, sem reiknuð voru í frumvarpi til úthlutunar, námu kr. 121.206,00, nauðungarsölugjald í ríkissjóð kr. 15.800,00 og mót, beiðni, kröfulýsingarkostnaður og bifreiðarkostnaður samtals kr. 22.825,00. Hefði kröfulýsing ekki verið lögð fram áður en uppboði lauk, hefði ekki verið úthlutað nefndum fjárhæðum og úthlutun því lækkað sem því nemur.“

II.

Af hálfu sóknaraðila hefur hér fyrir rétti verið teflt fram nýjum málsástæðum varðandi heimild hans til töku vaxta umfram þá vexti, sem ákveðnir eru á grundvelli III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Þessar málsástæður koma ekki til álita, með því að ekki er fullnægt skilyrðum 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

Varnaraðili hefur ekki kært úrskurð héraðsdómara fyrir sitt leyti. Koma því ekki til álita kröfur hans til lækkunar á því, sem felst í úrskurðinum.

Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti hefur varnaraðili lýst yfir því, að fallið sé frá þeirri málsástæðu, sem höfð var uppi í héraði, að sóknaraðili hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að bera ágreininginn undir úrlausn dómstóla. Einnig fellur hann frá þeim mótmælum sínum fyrir héraðsdómi, sem byggðust á því, að sóknaraðili hafi tekið við fullnaðargreiðslu fyrir gjaldföllnum vöxtum af umræddu skulda- bréfi með víxli með gjalddaga 1. september 1992.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði. Þar kemur meðal annars fram, að kröfufjárhæð í veðskuldabréfi sóknaraðila er tilgreind í bandaríkjadöllum.

Í II. kafla úrskurðar héraðsdóms er að finna sundurliðun á ákvörðun sýslumanns um úthlutun til sóknaraðila af söluandvirði Skólavörðustígs 45. Ekki er þar þó að finna fullnægjandi skýringu á því, hvaða forsendum um gengi sé byggt á í einstökum atriðum við ákvörðun á úthlutun í íslenskum krónum til sóknaraðila. Sýnist þó ljóst, að höfuðstóll kröfu sóknaraðila, er hvíldi á 1. veðrétti, hafi verið látinn halda gengistryggingu til söludags, en er umreiknaður í íslenskar krónur miðað við þann dag. Þá sýnast jafnframt vera reiknaðir samningsvextir af höfuðstólnum frá 20. ágúst 1992 til 15. mars 1993 og þeir einnig umreiknaðir í íslenskar krónur miðað við sama dag. Ekki kemur þó fram, hver vaxtafjárhæðin er í bandaríkjadöllum. Ber að fallast á þessa aðferð um gengistryggingu, og verður hún lögð til grundvallar dómi. Þykir rétt að miða við samningsvexti af höfuðstól fyrir þetta tímabil, en ekki dráttarvexti, enda er orðalag í veðskuldabréfi sóknaraðila ekki svo afdráttarlaust, að unnt sé að leggja til grundvallar, að höfuðstóll skuldarinnar hafi allur gjaldfallið 20. ágúst 1992 við vanskil á vaxtagreiðslu, án þess að einhvers konar tilkynning skuldareiganda kæmi til. Slíkt kom fyrst fram af hálfu sóknaraðila í október 1992. Verður því fallist á vara-kröfu sóknaraðila að þessu leyti.

Vöxtum af höfuðstól skuldarinnar, er gjaldféllu 20. ágúst 1992, sýnist sýslumaður hins vegar hafa umbreytt í íslenskar krónur miðað við gengi bandaríkjadals 20. ágúst 1992. Jafnframt sýnast þeir vextir vera reiknaðir fyrir heilt ár, en ekki aðeins frá 11. september 1991. Á þá fjárhæð virðast síðan vera reiknaðir dráttarvextir fram til 15. mars 1993 miðað við, að um sé að ræða peningakröfu í íslenskum krónum. Þessari aðferð hefur sóknaraðili mótmælt. Krefst hann þess, að miðað sé við gengi bandaríkjadals 15. mars 1993. Bendir hann meðal annars á ákvæði skuldabréfsins, sem kveði afdráttarlaust á um, að gengistrygging haldist allt til greiðsludags. Á þetta ber að fallast. Á þá fjárhæð greiðast jafnframt dráttarvextir fyrir áðurgreint tímabil, eins og þeir hafa verið ákvarðaðir skv. III. kafla vaxtalaga fyrir peningakröfur í erlendri mynt.

Staðfest er sú efnislega niðurstaða héraðsdómara að hafna þeim mótmælum varnaraðila, sem byggjast á túlkun veðleyfis þess, er hann veitti sóknaraðila í umræddri fasteign.

IV.

Með hliðsjón af yfirlýsingu sýslumannsins í Reykjavík 1. júní 1994 og bréfi hans 7. júlí sl. þykir mega fallast á, að kröfulýsing sóknaraðila 12. mars 1993 hafi legið fyrir á söluðegi fasteignarinnar. Ber að líta til þess við ákvörðun innheimtulauna til sóknaraðila, sem verða ákveðin í einu lagi að með töldum útlögðum kostnaði, eins og greinir hér á eftir.

V.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur sóknaraðila teknar til greina með eftirgreindum hætti. Er þá gert ráð fyrir, að lán sóknaraðila beri vexti frá og með 11. september 1991 að telja. Í samræmi við ákvæði skuldabréfsins er miðað við millibankavexti á bandaríkjadal á erlendum fjármagnsmörkuðum að viðbættu 2% álagi, eins og þeir eru á gjalddögum lánsins, sem hér á við um dagana 20. ágúst 1992 og 15. mars 1993, sbr. 3. mgr. 50. gr. laga nr. 90/1991. Jafnframt er reiknað með því, að dráttarvextir fyrir bandaríkjadal fyrir tímabilið 20. ágúst 1992 – 15. mars 1993 séu 3,988% vegið meðaltal fyrir tímabilið eða sem næst 6,97% ársvextir.

1. Vegna höfuðstóls láns:
 $492.610,84 \text{ USD} \times 65,79 \dots\dots\dots 32.408.867 \text{ kr.}$
2. Samningsvextir af lið nr. 1 frá 20. ágúst 1992
 til 15. mars 1993:
 $492.610,84 \text{ USD} \times 0,05375 \times (205:360) \times 65,79 \dots\dots\dots 991.959 \text{ kr.}$
3. Samningsvextir í vanskilum fyrir tímabilið frá
 11. september 1991 til 20. ágúst 1992:
 $492.610,84 \text{ USD} \times 0,05500 \times (340:360) \times 65,79 \dots\dots\dots 1.683.461 \text{ kr.}$
4. Dráttarvextir af lið nr. 3 frá 20. ágúst 1992 til
 15. mars 1993:
 $492.610,84 \text{ USD} \times 0,05500 \times (340:360) \times$
 $0,03988 \times 65,79 \dots\dots\dots 67.136 \text{ kr.}$
5. Innheimtulaun með virðisaukaskatti 500.000 kr.

6. Útlagður kostnaður	15.800 kr.
Samtals	<u>35.667.223 kr.</u>

Pegar litið er til aðdraganda máls þessa og þáttar sóknaraðila í því, þykir rétt, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

VI.

Í gögnum sóknaraðila, er hann lagði fram við sölumeðferð eignarinnar hjá sýslumanni, skorti mjög á, að gerð væri viðhlítandi grein fyrir því, við hvaða gengi bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu var miðað í kröfugerð hans, en gengi bandaríkjadals breyttist mjög á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Kröfugerð sóknaraðila fyrir héraðsdómi var mjög hvarflandi, svo sem rakið er í II. kafla hins kærða úrskurðar. Þá skortir mikið á, að gerð sé skilmerkileg grein fyrir reikningslegum forsendum í kröfugerð sóknaraðila við meðferð málsins. Er þetta aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð:

Tekin skal til greina krafa sóknaraðila, Ferðamálasjóðs, að því leyti, að honum verði úthlutað 35.667.223 krónum af söluverði fasteignarinnar nr. 45 við Skólavörðustíg í Reykjavík, sem seld var nauðungarsölu 15. mars 1993.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 1994.

I.

Mál þetta var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur miðvikudaginn 16. mars 1994 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi miðvikudaginn 1. júní sl.

Sóknaraðili er Ferðamálasjóður, kt. 630179-0689, Hverfisgötu 6, Reykjavík.

Varnaraðili er Vélsmiðja Hafnarfjarðar hf., kt. 690269-5979, Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði.

Dómkröfur sóknaraðila. Endanlegar dómkröfur eru þær aðallega, að frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 7. 10. 1993 (sic), um úthlutun uppboðsandvirðis Skólavörðustígs 45, Rvík, verði breytt á þá leið, að tekin verði til greina sú krafa sóknaraðila, að honum beri af uppboðsandvirðinu 38.474.711 kr. auk málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Til vara er þess krafist, að framangreindu frumvarpi verði breytt á þá leið, að sóknaraðila beri 36.155.300 kr. auk málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili gerir þær gagnkröfur aðallega, að frumvarpi sýslumanns að úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar nr. 45 við Skólavörðustíg í Reykjavík verði hrundið varðandi úthlutun til sóknaraðila, að fjárhæð 35.314.294 kr., og breytt á þann veg, að hún lækki í 35.070.970 kr. eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins, til vara, að frumvarpi sýslumanns að úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar nr. 45 við Skólavörðustíg í Reykjavík verði hrundið varðandi úthlutun til sóknaraðila, að fjárhæð 35.314.294 kr., og breytt á þann veg, að hún lækki í eigi hærri fjárhæð en 35.108.318 kr. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila samkvæmt málskostnaðarreikningi varnaraðila að viðbættu álagi að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

II.

Málavextir eru þeir, að 4. desember 1992 krafðist sóknaraðili máls þessa, að fram færi uppboð á fasteigninni að Skólavörðustíg 45 í Reykjavík til lúkningar kröfum sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð USD 492.610,84, út gefnu 1. september 1991 til Ferðamálasjóðs, sem veðsett var með 1. veðrétti í fasteigninni. Í beiðni um nauðungarsölu kveður sóknaraðili skuld við gerðarbeiðanda sundurliðast þannig:

Höfuðstóll	kr.	1.396.890,00
Dráttarvextir til dags dato	–	66.486,40
Innheimtukostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ	–	116.572,40
Nauðungarsölubeiðni	–	2.828,00
Nauðungarsölugjald í ríkissjóð	–	15.800,00
Samtals	kr.	<u>1.598.559,10</u> (?)

Nauðungarsala fór fram á eigninni 15. mars 1993, og var söluverð hennar 54.100.000 kr. Kröfúlýsing sóknaraðila, sem er dagsett 12. mars 1993, óarit-uð um móttöku sýslumanns, er að fjárhæð 38.951.582 kr. sbr. dskj. nr. 6. Leiðrétt frumvarp að úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar er dagsett 7. október 1993, og þar er sóknaraðila sem veðhafa á 1. veðrétti úthlutað 35.070.970 kr. Ekki liggur fyrir í málinu, hvaða útreikninga sýslumaður lagði til grundvallar þeirri úthlutun. Með bréfi, dagsettu 18. október 1993, mótmælti sóknaraðili því, að krafa sín samkvæmt kröfúlýsingu í uppboðs-

andvirði eignarinnar yrði skert með þeim hætti, sem greinir í frumvarpinu. Fleiri mótmæli bárust frá öðrum réttshöfum við frumvarpinu. Af því tilefni boðaði sýslumaður alla þá, sem mótmælin vörðudu, á sinn fund 12. nóvember sl., sbr. 1. mgr. 52. gr. 1. nr. 90/1991, þar sem hlutaðeigendum var gefinn kostur á að tjá sig um mótmælin. Var þeim fundi frestað í tvígang, fyrst til 30. nóvember sl. og loks til 6. desember sl. Ákvað sýslumaður síðan á fundi 6. desember sl. að hækka úthlutun til sóknaraðila um 243.324 kr. frá fyrri úthlutun og lækka úthlutun til varnaraðila um 205.976 kr. Ekki liggur fyrir rökstuðningur sýslumanns fyrir þessari breytingu á frumvarpinu. En sundurliðun á útreikningi sýslumanns, sbr. dskj. nr. 20, um endanlega úthlutun til sóknaraðila er eftirfarandi:

Vextir í vanskilum frá 20. 8. 1992	kr.	1.463.325,00
Dráttarvextir frá 20. 8. 1992 – 15. 3. 1993	–	145.147,00
Eftirstöðvar lánsins 15. 3. 1993	–	32.408.867,20
Samningsvextir af eftirstöðvum til 15. 3. 1993	–	1.137.123,50
Innheimtulaun af kr. 1.608.472,00	–	121.206,00 m. vsk.
Nauðungarsölugjald í ríkissjóð	–	15.800,00
Mót, beiðni, kröfulýsing og bíll	–	22.825,00
Samtals	kr.	<u>35.314.293,70</u>

Lögmaður sóknaraðila sem og lögmaður varnaraðila mótmæltu þessari afstöðu sýslumanns og lýstu yfir því á fundinum, að þeir hygðust leita úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun hans. Beiðni sóknaraðila um úrlausn dómsins er dagsett 3. janúar 1994, og barst hún Héraðsdómi Reykjavíkur 12. janúar sama ár.

Ágreiningur kom síðar upp milli aðila í rekstri málsins fyrir héraðsdómi, hverjar væru dómkröfur sóknaraðila.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 75. gr. nauðungarsölulaga nr. 90/1991 gerðu aðilar í fyrsta þinghaldi, 16. mars sl., grein fyrir þeim kröfum, sem þeir höfðu uppi í ágreiningsmáli þessu. Þar er bókað eftir lögmanni sóknaraðila, að hann geri þær kröfur aðallega, að kröfulýsing frá 12. mars 1993 verði tekin óbreytt til greina við úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar Skóla-vörðustígs 45, Reykjavík, og að frumvarpi sýslumanns verði breytt á þá lund. Hann gerir þá varakröfu, að krafa sú verði tekin til greina, sem fram kemur á dómskjali nr. 3. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati réttarins.

Í fyrrgreindri kröfulýsingu frá 12. mars 1993, sbr. dskj. nr. 6, lýsir sóknaraðili kröfum, að fjárhæð 38.951.582 kr. Í greinargerð, sem sóknaraðili lagði síðan fram í þinghaldi 12. apríl sl., merktri sem dskj. nr. 4, er fjárhæð aðal-

kröfu sóknaraðila þar greind 36.944.841 kr., en fjárhæðin 38.951.582 er greind síðar í greinargerðinni sem dómkröfur sóknaraðila. Engin varakrafa er gerð í greinargerðinni. En varakrafa sú, sem sóknaraðili gerði í þinghaldi 16. mars sl. með vísan til dskj. nr. 3, er að fjárhæð 36.944.841 kr. Þetta misræmi varð tilefni þess, að lögmaður varnaraðila mótmælti, að fjárhæðin 38.951.582 kr. kæmi til úrlausnar í máli þessu, þar sem hún væri ekki meðal dómkrafna sóknaraðila. Heldur bæri að líta svo á, að sóknaraðili hefði lækkað kröfu sína í 36.944.841 í greinargerð sinni, og væri sú fjárhæð endanleg og eina krafa sóknaraðila í máli þessu. Í þinghaldi 9. maí lagði lögmaður sóknaraðila fram bókun á dómkröfum sínum ásamt sundurliðun á fjárkröfum sínum í málinu með vísan til 2. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Þar gerir hann þær kröfur aðallega, að frumvarpi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 7. 10. 1993 (sic), um úthlutun uppboðsandvirðis Skólavörðustígs 45, Rvík, verði breytt á þá leið, að tekin verði til greina sú krafa sóknaraðila, að honum beri af uppboðsandvirðinu 38.474.711 kr. auk málskostnaðar úr hendi varnaraðila, en til vara, að framangreindu frumvarpi verði breytt á þá leið, að sóknaraðila beri 36.155.300 kr. auk málskostnaðar úr hendi varnaraðila. Með vísan til greinargerðar með 1. mgr. 75. gr. nauðungarsölulaga nr. 90/1991, þar sem kveðið er á um það, að aðilar geri í fyrsta þinghaldi með endanlegum hætti grein fyrir kröfum sínum, svo og þess, að leiðréttingar sóknaraðila rúmast innan þeirra krafna, sem hann gerði í fyrsta þinghaldi 16. mars sl., ber að fallast á það með sóknaraðila þrátt fyrir mótmæli varnaraðila, að kröfur þær, sem koma fram í bókun hans 9. maí sl., séu endanlegar dómkröfur hans í máli þessu.

III.

Sóknaraðili kveður síðari veðhafa bundna af þeim kvöðum, sem felist í fyrrgreindu veðskuldabréfi, út gefnu 11. september 1991, til sóknaraðila. Samkvæmt skýrum ákvæðum bréfsins eigi sóknaraðili rétt á að eindaga kröfur sínar án sérstakrar uppsagnar til útgefanda, ef ekki er staðið við greiðslur á afborgunum eða vöxtum. Óumdeilt sé, að útgefandi bréfsins hafi ekki staðið við greiðslur vaxta, sem féllu í gjalddaga 20. ágúst 1992. Því hafi höfuðstóll lánsins fallið í gjalddaga á því tímamarki án sérstakrar uppsagnar. Sóknaraðila sé því rétt að reikna kröfur sínar með þeim hætti, sem krafist sé í kröfulýsingu sóknaraðila til sýslumannsins í Reykjavík. Miðað sé við gengi USD á uppboðsdegi 12. 3. 1993 (sic). Það sé ranglega tilgreint í greinargerð sóknaraðila, að miðað sé við gengi 20. 8. 1992. Þá beri samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins sem og ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að reikna dráttarvexti á hinn gjaldfallna höfuðstól og samningsvexti til 20. ágúst 1992 frá þeim degi til 15. mars 1993, er nauðungarsalan fór fram.

Tölulegri kröfugerð sóknaraðila hafi ekki verið mótmælt, og standi hún því óhöggðu. Sóknaraðili sundurliðar kröfugerð sína með eftirgreindum hætti:

Aðalkrafa:

Höfuðstóll	USD	492.610,84
Áfallnir samningsvextir til 20. 8. 1992	USD	26.515,46
Dráttarvextir af höfuðstól og samnings- vöxtum frá 20. 8. 1992 til 12. 3. 1993	USD	51.790,00
Samtals	USD	570.916,30

Íslenskar kr. m. v. gengi 12. 3. 1993, 65,73 37.526.332,00

Innheimtukostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ
með 30% afslætti 774.072,00

Mót skv. 2. gr. gjaldskrár LMFÍ 158.507,00
Útlagt 15.800,00
Samtals 38.474.711,00

Varakrafa:

Höfuðstóll	USD	492.610,84
Samningsvextir frá útgdegi til 20. 8. 1992	USD	26.515,46
Dráttarvextir frá 20. 8. 1992 til 12. 3. 1993 af gjaldföllum samningsvöxtum	USD	1.662,41
Áfallnir samningsvextir af höfuðstól 12. 3. 1993	USD	15.548,03
Samtals	USD	536.336,74

Íslenskar kr. m. v. gengi 12. 3. 1993, 65,73 35.253.414,00

Innheimtukostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ
með 30% afslætti 734.755,00

Mót skv. 2. gr. gjaldskrár LMFÍ 151.331,00
Útlagt 15.800,00

Samtals 36.155.300,00

IV.

Varnaraðili byggir kröfu sína um, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað, á því, að lagaskilyrði standi ekki til þess, að hún verði viðurkennd.

Eins og fram komi á dskj. nr. 14 og nr. 15, hafi sóknaraðili þegar fengið kröfu sína að fullu greidda frá uppboðskaupanda, Búnaðarbanka Íslands, og því eigi hann ekki rétt til þess að leggja kröfur sínar um úthlutun uppboðsandvirðis fyrir dómstóla. Hafi hann ekki af því lögvarða hagsmuni, en öll áhætta af því, hvort uppboðskaupandi hafi greitt sóknaraðila réttilega, sé á áhættu uppboðskaupanda, eins og berlega komi fram í 5. gr. uppboðsskilmála á dskj. nr. 2. Sóknaraðili hafi þegar fengið kröfu sína að fullu greidda skv. yfirlýsingu hans og kvittun. Krafa hans sé niður fallin fyrir greiðslu. Þá hafi sóknaraðili ekki fært gild rök fyrir kröfum sínum, hvorki heildarfjárhæð né einstökum liðum, og því ósannað, að hann eigi tilkall til þeirrar fjárhæðar, sem hann krefst úthlutunar á.

Um gagnkröfur varnaraðila er því haldið fram sem ýrustu málsástæðu, að krafa sóknaraðila samkvæmt veðskuldabréfi sóknaraðila, út gefnu 11. september 1991, á dskj. nr. 5, takmarkist gagnvart veðkröfu varnaraðila við 30.000.000 kr. Á útgáfudegi bréfsins hafi sölugengi 1 bandaríkjadals verið 60,90 krónur og lánið samkvæmt því numið 30.000.000 króna. Fyrir þeirri fjárhæð í íslenskum krónum hafi uppboðspoli fengið veðleyfi hjá varnaraðila, sbr. dskj. nr. 9 og nr. 10, en það heimili ekki lán í erlendri mynt með gengistryggingu eða annars konar verðtryggingu. Réttur sóknaraðila takmarkist því ótvírætt af því veðleyfi, sem varnaraðili veitti, a. m. k. með þeim hætti, að höfuðstóll kröfu sóknaraðila verði ekki við úthlutun viðurkenndur hærri en 30.000.000 kr., leiði það til skerðingar á fullnustu kröfu varnaraðila af uppboðsandvirðinu. Veðleyfið heimili ekki neitt til viðbótar 30.000.000 kr., hvorki vexti, verðbætur, gengistryggingu né kostnað, en til þess hefði þurft skýra tilgreiningu í veðleyfinu, eins og gert er í öllum veðskjöllum, t. a. m. veðbréfi sóknaraðila eða áritun varnaraðila á veðbréfið.

Þá vísar varnaraðili til þess, að kröfulýsing sóknaraðila, dags. 12. mars 1993, sbr. dskj. nr. 6, hafi ekki legið frammi á sölupinginu 15. mars sl., og hún hafi ekki verið lögð fram í málinu, eins og hún beri með sér. Hafi hún borist sýslumanni síðar, hafi hún á annað borð borist sýslumanni. Á sölupinginu hafi aðeins legið fyrir munnlegar upplýsingar frá sóknaraðila um, að veðkrafa hans væri að hámarki 35.000.000 kr. Hafi varnaraðili aflað sér upplýsinga fyrir sölupingið um stöðu veðkrafna til þess að vera undir það búinn að bjóða í eignina og eftir atvikum að bjóða í eignina sem hæstbjóðandi til þess að verja kröfu sína. Ekki hafi farið á milli mála, að varnaraðili fengi fullnustu kröfu sinnar af hæsta boði í eignina, 54.100.000 kr., og því ekki efni til þess fyrir varnaraðila að gera herra boð. Eftir sölupingið hafi sóknaraðili hins vegar gert mun hærri kröfur um úthlutun til greiðslu veðkröfu sinnar, allt að 38.951.582 kr., sbr. kröfulýsingu á dskj. nr. 6 og sundur-

liðun í greinargerð sóknaraðila, en þar sé ranghermt, að á sölupinginu 15. mars sl. hafi sóknaraðili lagt fram sundurliðaða kröfulýsingu fyrir þeirri fjárhæð.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa síðar lækkað kröfu sína í 36.944.841 kr. með símbréfi sínu til sýslumanns 1. desember sl., sbr. dskj. nr. 3. Sé sú krafa endanleg og eina krafa hans í málinu. Þá er því haldið fram af varnaraðila, að kröfur sóknaraðila séu óljósar og hafi verið á reiki.

Af hálfu varnaraðila er því jafnframt haldið fram, að sóknaraðili hafi gjaldfellt kröfu sína miðað við 20. ágúst 1992 og breytt henni í íslenskar krónur miðað við þágildandi skráningu á sölugengi bandaríkjadals. Þetta verði ráðið af öðrum gögnum sóknaraðila, svo sem símbréfi sóknaraðila til sýslumanns á dskj. nr. 3 og nauðungarsölubeiðni á dskj. nr. 11 svo og greinargerð sóknaraðila á dskj. nr. 4, og sé sú kröfugerð bindandi fyrir sóknaraðila. Það sé aftur á móti fjarri sanni, að krafan hafi að þessu leyti numið 34.122.171 kr. 20. ágúst 1992, eins og greind kröfulýsing greini. Beri því að leggja til grundvallar útreikningi á kröfu sóknaraðila fjárhæð hennar í íslenskum krónum að viðbættum samningsvöxtum 20. ágúst 1992, 27.987.940,76 kr., enda geri sóknaraðili ætíð kröfu sína í íslenskum krónum, sbr. dskj. nr. 11, nr. 3, nr. 6 svo og í greinargerð á dskj. nr. 4. Varnaraðili miðar útreikninga sína við, að sölugengi bandaríkjadals hafi 20. ágúst 1992 verið 54,01 króna. Á þeim degi hafi því höfuðstóll skuldarinnar numið 26.605.911,47 kr. (USD 492.610,84 × kr. 54,01). Samningsvaxtafótur (2% yfir millibankavöxtum á USD á erlendum fjármagnsmörkuðum (Libor) miðað við lán til 6 mánaða) á þeim gjalddaga hafi verið 5,5% og áfallnir samningsvextir frá útgáfudegi bréfsins þá skv. því 1.382.029,29 kr. (26.605.911,47 kr. × 5,5% = 1.463.325,13 kr. × 340/360). Höfuðstóll skuldarinnar að viðbættum samningsvöxtum hafi því 20. ágúst 1992 numið 27.987.940,76 kr. (26.605.911,47 kr. + 1.382.029,29 kr.), en ekki 34.122.171 kr., sem sóknaraðili hafi á engan hátt sundurliðað eða útskýrt. Hafi sóknaraðili því ofreiknað kröfu sína að þessu leyti um 6.134.230,24 kr. (34.122.171,00 kr. – 27.987.940,76 kr.).

Þá mótmælir varnaraðili dráttarvaxtaútreikningi sóknaraðila á dskj. nr. 6 sem of háum. Þeir séu rangt reiknaðir 3.698.938 kr. á dskj. nr. 6, en þeir séu rétt reiknaðir 3.389.943 kr. af þeim ranga höfuðstól, 34.122.171 kr., sem sóknaraðili tilgreini til útreiknings þeirra 15. mars 1993. Einnig mótmælir varnaraðili tilgreindum kostnaði sóknaraðila vegna nauðungarsölubeiðni, að fjárhæð 30.000 kr., en vísar til dskj. nr. 11 og 20, þar sem komi fram, að sóknaraðili hefur greitt 15.800 kr. í ríkissjóð vegna nauðungarsölubeiðni sinnar. Þar sé um að ræða rétta fjárhæð á þessu gjaldi af samanlögðum

höfuðstól, dráttarvöxtum og innheimtukostnaði, 1.579.930,80 kr. (1.396.890 kr. + 66.468,40 kr. + 116.572,40 kr.) í beiðninni. Vekur varnaraðili sérstaka athygli á því, að í beiðninni krafðist sóknaraðili einungis nauðungarsölu til fullnustu á „1.598.559,10 kr. auk áfallandi dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags og annars áfallins kostnaðar“. Varnaraðili mótmælir þeim íþyngjandi forsendum fyrir varnaraðila, sem fram komi í símbréfi sóknaraðila til sýslumanns á dskj. nr. 3, en þar sé gerður „fyrirvari vegna gengisskráningar“. Þessi fyrirvari sé allt of seint fram kominn og hafi enga þýðingu fyrir varnaraðila. Þá mótmælir varnaraðili nýjum kröfuliðum, að upphæð 3.521 kr., vegna ritunar kröfulýsingar, 800 kr. vegna veðbókarvottorðs, 1.200 kr. vegna aksturs, 88.688 kr. vegna móts og 21.728 kr. vegna virðisaukaskatts af móti.

Þá vísar varnaraðili til þess, að það valdi einnig vafa um stöðu kröfu sóknaraðila með tilliti til ætlaðra vanskila á henni, að í beiðni sóknaraðila um nauðungarsölu sé krafist nauðungarsölu einungis til fullnustu höfuðstóls, að fjárhæð 1.396.890 kr., en þar sé um að ræða nákvæmlega sömu fjárhæð og fram komi á dskj. nr. 13 og sóknaraðili lýsti í þrotabú uppboðspóla með kröfulýsingu, dags. 3. mars 1993, á grundvelli víxils sem heimildarskjals með gjalddaga 1. september 1992. Er af hálfu varnaraðila á því byggt, að með umræddum víxli hafi verið greiddir vextir, sem komu í gjalddaga 20. ágúst 1992, af veðskuldabréfinu, enda hafi sýslumaður tilgreint fyrrgreinda fjárhæð sem samningsvexti af veðskuldabréfinu frá 11. september 1991 til 20. ágúst 1992 í frumvarpi sínu til úthlutunar, þótt fjárhæðin sé þar ekki sundurliðuð. Því eigi höfuðstóll kröfu sóknaraðila að lækka um 1.396.890 kr.

Þá mótmælir varnaraðili útreikningum sóknaraðila á innheimtukostnaði sem langt úr hófi fram og án réttmætra forsendna. Í útreikningi á innheimtupóknun sóknaraðila beri að leggja til grundvallar þá fjárhæð, sem greind er í nauðungarsölubeiðni sóknaraðila á dskj. nr. 11, þ. e. 1.396.890 kr., að viðbættum dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 20. ágúst 1992 til 15. mars 1993, 137.330 kr., samtals 1.519.029 kr., þar sem sóknaraðili hafi ekki lagt fram kröfulýsingu, meðan enn mátti gera boð í eignina á sölupinginu 15. mars 1993, sbr. dskj. nr. 8. Við útreikning innheimtupóknunar skuli höfð hliðsjón af 3. gr. síðast gildandi gjaldskrár Lögmannafélags Íslands frá 1. júlí 1992.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að rétt fjárhæð til úthlutunar upp í kröfu sóknaraðila sé 30.868.740 kr. skv. eftirgreindri sundurliðun:

Höfuðstóll 20. 8. 1992	kr.	26.605.912
Samningsvextir 20. 8. 1992	–	1.382.029
	kr.	27.987.941
Drv. af 27.987.940,76 kr. 15. 3. 1993	–	2.780.524
	kr.	30.768.465
Innheimtupóknun	–	80.954
Ritun beiðni um nauðungarsölu	–	3.521
Gjald í ríkissjóð vegna nauðungarsölubeiðni	–	15.800
Samtals	kr.	30.868.740

Fari hins vegar svo, að fallist verði á að miða höfuðstól kröfu sóknaraðila við sölugengi bandaríkjadals 15. mars 1993, er því haldið fram af hálfu varnaraðila, að krafa sóknaraðila skuli reiknast 35.020.431 kr. skv. eftirgreindri sundurliðun:

Höfuðstóll USD 492.610,84 × 65,79	kr.	32.408.867
Samningsvextir 20. 8. 1992	–	1.382.029
Drv. af 1.382.029 kr. til 15. 3. 1993	–	137.301
Samningsvextir 5,375% af 32.408.867 kr. frá 20. 8. 1992 til 15. 3. 1993, í 205 daga	–	991.959
	kr.	34.920.156
Innheimtupóknun	–	80.954
Ritun beiðni um nauðungarsölu	–	3.521
Gjald í ríkissjóð vegna nauðungarsölubeiðni	–	15.800
Samtals	kr.	35.020.431

Loks vísar varnaraðili um málskostnaðarkröfu sína og kröfu um álag á málskostnað til þess, að málatilbúnaður sóknaraðila sé ekki svo vandaður, skýr og ótvíræður sem krafist sé og sóknaraðili hafi haft uppi kröfur og staðhæfingar, sem sóknaraðili vissi eða mátti vita, að væru rangar eða haldlausar, og höfðað málið að þarflausu og tilefnislausu. Málatilbúnaður sóknaraðila sé þvert á móti mjög ruglingslegur, kröfur óljósar og á reiki og mjög torvelt fyrir varnaraðila að reifa varnir sínar fullnægjandi efnislega nema með þeirri miklu fyrirhöfn, sem greinargerð varnaraðila beri með sér.

V.

Ekki verður fallist á það með varnaraðila, að sóknaraðili hafi ekki af því lögvarða hagsmuni að leggja kröfur sínar um úthlutun uppboðsandvirðis

fyrir dómstóla. Sóknaraðili er aðili að uppboði því, sem fram fór 15. mars 1993. Samningur sá, sem sóknaraðili gerði við uppboðskaupanda um uppgjör veðskuldarinnar, breytir engu hér um. Ekki verður heldur fallist á það með varnaraðila, að hafna beri kröfum sóknaraðila á þeim forsendum, að sóknaraðili hafi ekki fært gild rök fyrir kröfum sínum.

Í máli þessu er óumdeilt, að veðskuldabréf það, sem sóknaraðili byggir rétt sinn á, er samkvæmt efni sínu gengistryggt miðað við USD á útgáfudegi bréfsins 11. september 1991. Ágreiningur er hins vegar um það, hvort varnaraðili er bundinn af ákvæðum bréfsins um gengistryggingu og hvernig eigi að skýra þau ákvæði bréfsins við útreikning á úthlutun til sóknaraðila af uppboðsandvirði fasteignarinnar Skólavörðustígs 45, Reykjavík. Varnaraðili byggir á þeirri málsástæðu að krafa sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi hans, út gefnu 11. september 1991, takmarkist gagnvart veðkröfu varnaraðila við 30.000.000 kr. á grundvelli veðleyfis, sem varnaraðili gaf uppboðspóla, sbr. dskj. nr. 9 og nr. 10. Með veðleyfi þessu á dskj. nr. 10 heimilar varnaraðili veðsetningu á 1. veðrétti fyrir láni frá Ferðamálasjóði, allt að 30.000.000 kr. Með áritun á sjálft bréfið segir: „Vélsmiðja Hafnarfjarðar heimilar Leifi Eiríkssyni . . . að taka nýtt lán hjá Ferðamálasjóði, að fjárhæð 30.000.000 kr., sem tryggt verður með 1. veðr., og þókar því veðréttur vor fyrir hinu nýja láni. Veðréttur vor verður því 8. veðr. með uppfærslurétti. Veðleyfi þetta er bundið því skilyrði, að lán á 1.–5. veðr. verði greidd upp.“ Önnur skilyrði eru ekki í veðleyfinu. Ekkert er minnst á útgáfudag bréfsins eða önnur kjör þess. En það liggur fyrir, að miðað við sölugengi USD á útgáfudegi bréfsins var lánið í íslenskum krónum að fjárhæð 30.000.000 kr. Verður að ætla, að varnaraðili hafi, áður en hann gaf umrætt veðleyfi, kynnt sér eða að minnsta kosti mátt ætla, að skuldabréf þetta væri á einhvern hátt „verðtryggt“, einkum þegar litið er til fjárhæðar skulda-bréfsins. Þá var engum athugasemdum hreyft við afstöðu sýslumanns við útreikning kröfunnar í upphaflegu frumvarpi að úthlutun, dags. 6. október 1993, en þar er byggt á gengistryggingu bréfsins miðað við uppboðsdag. Varnaraðili gerir hins vegar þá varakröfu, að umrædd úthlutun sýslumanns til sóknaraðila samkvæmt því frumvarpi verði staðfest. Samkvæmt framan-sögðu verður að telja, að varnaraðili sé bundinn af ákvæðum bréfs sóknaraðila um gengistryggingu skuldarinnar.

Sóknaraðili byggir á því varðandi útreikning á aðalkröfu sinni, að sér sé heimilt að reikna dráttarvexti af höfuðstól og samningsvöxtum frá 20. ágúst 1992 til uppboðsdags 15. mars 1993 miðað við USD. Vísar hann til þess, að samkvæmt ákvæðum skuldabréfs sóknaraðila eigi hann rétt á að eindaga kröfur sínar án sérstakrar uppsagnar til útgefanda, ef ekki er staðið við

greiðslur á afborgunum eða vöxtum. Varnaraðili byggir á því, að sóknaraðili hafi gjaldfellt kröfu sína miðað við 20. ágúst 1992 og breytt henni þá í íslenskar krónur miðað við þágildandi skráningu á sölugengi USD, og því sé sóknaraðili bundinn af því að reikna kröfuna áfram í íslenskum krónum.

Þá byggir varnaraðili á því, að sóknaraðili hafi lækkað kröfu sína úr 38.951.582 kr. samkvæmt kröfulýsingu hans í uppboðsandvirði, dags. 12. mars 1993, sbr. dskj. nr. 6, í 36.944.841 kr. í símbréfi sínu til sýslumanns 1. desember sl., sbr. dskj. nr. 3. Sé kröfulækkun þessi bindandi fyrir sóknaraðila. Í endurriti úr gerðabók sýslumanns frá 30. nóvember sl., þar sem fjallað er um fram komin mótmæli við frumvarpi sýslumanns frá 6. október, kemur fram, að sóknaraðila máls þessa er gefinn kostur á að senda sýslumanni yfirlit yfir greiðslur vegna kröfunnar fyrir kl. 12.00 á hádegi 1. desember og að afstaða verði tekin til mótmælanna á framhaldsfundi 6. desember. Umrætt símbréf berst, eins og fyrr sagði, sýslumanni innan þess frests. Við fyrirtöku málsins 6. desember leggur sýslumaður fram kröfulýsingu frá sóknaraðila, sem ekki fylgir með í þeim staðfestu gögnum, sem bárust dóm-inum frá sýslumanninum í Reykjavík. En við fyrirtöku þessa lýsir sýslumaður yfir, að hann hækki úthlutun til sóknaraðila um 243.324 kr. miðað við fyrri úthlutun og lækki úthlutun til varnaraðila um 205.976 kr. Ekki fylgir neinn rökstuðningur fyrir þessari breytingu á úthlutun til aðila máls þessa. Kröfulýsingu þessa í símbréfi á dskj. nr. 3 lagði sóknaraðili fram í þinghaldi 16. mars sl. og vísaði til hennar um fjárhæð varakröfu sinnar. Með vísan til þess, sem hér er að framan rakið, verður að fallast á það með varnaraðila, að í umræddu símbréfi til sýslumanns hafi sóknaraðili lækkað kröfu sína í uppboðsandvirðið, og því sé endanleg krafa sóknaraðila, sem komi til úrlausnar í máli þessu, varakrafa hans, að fjárhæð 36.155.300 kr. Í varakröfu sinni reiknar sóknaraðili aðeins dráttarvexti af gjaldföllum samningsvöxtum, en ekki af höfuðstól, og miðar útreikning kröfu sinnar við sölugengi á uppboðsdegi. Verður því litið svo á, að sóknaraðili hafi fallið frá þeirri kröfu sinni að reikna dráttarvexti af eftirstöðvum skuldarinnar, og verður því ekki tekin afstaða til þess, hvort honum sé það heimilt.

Þegar ákveðið er í frumvarpi, hvað greiðist af einstökum kröfum, skal samkvæmt 3. mgr. 50. gr. nauðungarsölulaga nr. 90/1991 miða við, að vextir, verðbætur og gengistrygging reiknist af þeim til þess dags, sem uppboði lauk á eigninni. Eins og fyrr sagði, er óumdeilt, að krafa sóknaraðila byggist á gengistryggðu skuldabréfi. Ber því að umreikna kröfu hans í íslenskar krónur miðað við sölugengi USD á uppboðsdegi, sem var 15. mars 1993, enda segir í skuldabréfinu: „Til viðbótar greiðslu afborgunar og vaxta skal lántaki greiða á hverjum gjalddaga eða greiðsludegi, sé hann síðar, verð-

bætur á afborgunar- og vaxtagreiðslur, sem miðast við breytingu á skráðu sölugengi (USD) frá 60,90 kr. til gjalddaga eða greiðsludags. Fjárhæð útborgunar miðast við gengi á útborgunardegi.“ Ekki er því fallist á þá mótbaru varnaraðila, að sóknaraðili hafi með því að umreikna kröfu sína á gjaldfellingardegi í íslenskar krónur fyrirgert rétti sínum til áframhaldandi gengistryggingar skuldarinnar.

Varnaraðili kveður kröfulýsingu ekki hafa legið frammi á sölupinginu 15. mars 1993, aðeins hafi legið fyrir munnlegar upplýsingar frá sóknaraðila um, að veðkrafa hans væri að hámarki 35.000.000 kr., og hafi hann því talið, að krafa hans væri tryggð miðað við hæsta boð Búnaðarbanka Íslands, að fjárhæð 54.100.000 kr. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr. nauðungarsölulaga skulu þeir, sem telja sig eiga rétt til greiðslu af söluverði eignar, lýsa kröfum sínum fyrir sýslumanni, áður en uppboði er lokið á henni. Markmið þessarar reglu er, að sem skýrust mynd fáiast af réttindum yfir eign, meðan enn er kostur að gera boð í hana. Samkvæmt 4. mgr. 50. gr., sbr. 5. mgr. sömu greinar nauðungarsölulaga, hefur það eingöngu þær afleiðingar í för með sér fyrir þann, sem nýtur þinglýstra réttinda í eign, að lýsa ekki kröfu á réttum tíma, að hann missir rétt til að fá greiddan innheimtu- eða málskostnað vegna kröfu sinnar af söluverði. Kröfulýsing sóknaraðila á dskj. nr. 6 er ekki árituð um móttöku sýslumanns, og ekki er bókað um framlagningu hennar á sölupinginu. Sóknaraðili lagði fram við aðalmeðferð málsins 1. júní sl., nr. 25, yfirlýsingu frá sýslumanninum í Reykjavík. Í þeirri yfirlýsingu kemur ekki fram, svo að ótvírætt sé, að kröfulýsing frá sóknaraðila hafi legið frammi á sölupinginu. Verður því að fallast á það með varnaraðila, að við útreikning innheimtubóknunar til sóknaraðila beri að leggja til grundvallar gerða kröfu í beiðni sóknaraðila um nauðungarsölu á dskj. nr. 11, þ. e. gjaldfallna samningsvexti 20. ágúst 1992 að viðbættum dráttarvöxtum til uppboðsdags.

Varnaraðili kveður höfuðstól kröfu sóknaraðila eiga að lækka um 1.396.890 kr., þar sem sóknaraðili hafi lýst þeirri fjárhæð í þrotabú uppboðspóla á grundvelli víxils. Heldur varnaraðili því fram, að með umræddum víxli hafi verið greiddir vextir, er féllu í gjalddaga 20. ágúst 1992, enda hafi sýslumaður tilgreint í frumvarpi sínu fyrrgreinda fjárhæð sem samningsvexti af veðskuldabréfinu frá 11. september 1991 til 20. ágúst 1992. Ekki verður fallist á þessa málsástæðu varnaraðila, einkum með vísan til þess, að í skrá um lýstar kröfur í þrotabú uppboðspóla á dskj. nr. 13 lýsir skiptastjóri yfir, að ekki hafi verið tekin afstaða til veðkrafna, þar sem sýslumaðurinn í Reykjavík muni gera það við úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar.

Að öllu framansögðu virtu verður það því niðurstaða máls þessa að stað-

festu þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 6. desember 1993 að úthluta sóknaraðila á 1. veðrétti 35.314.294 kr. Eftir atvikum máls þessa þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Úrskurðinn kvað upp Sigurjóna Símonardóttir, fulltrúi dómstjóra.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 6. desember 1993 um úthlutun til sóknaraðila, Ferðamálasjóðs, að fjárhæð 35.314.294 kr., af uppboðsandvirði fasteignarinnar Skólavörðustígs 45, Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.
